



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 139/931
komudagur 10.12.2010

www.hi.is

Menntamálanefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík


Reykjavík, 10. desember 2010
Tilvísun: HI10110142/0.3

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, 45. mál.

Háskóla Íslands hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Háskólinn hefur áður veitt umsögn um tillögu sama efnis sem lögð var fyrir 138. löggjafarþing. Vísar háskólinn til þess sem þar kemur fram.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
Lögfræðingur

Menntamálanefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
nefndarritari
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2010
Tilvísun: HI10030185/0.3

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, 114. mál.

Háskóla Íslands hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Leitað var álits Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands sem mælti með að tillagan yrði samþykkt.

Að mati Háskóla Íslands er nauðsynlegt að efla rannsóknir á lífríki sjávar, ekki síst á strandsvæðum og fjörum. Á Vestfjörðum og Vesturlandi (t.d. Breiðafirði) eru ákjósanleg skilyrði til slíkra rannsókna. Háskóli Íslands stundar rannsóknir á fiskeldi og líffræði fiska frá Rannsókn- og fræðasetri sínu í Bolungarvík í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á Vestfjörðum. Háskóli Íslands stefnir að því að hefja rannsóknastarfsemi tengda hjarðeldi þorsks frá setri sínu á Patreksfirði með haustinu. Einnig eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á strandsvæðum frá rannsóknasetri Háskólans á Stykkishólmi (Háskólasetri Snæfellsness), einkum á æðarfugli, kríu og öðrum sjófuglum.

Háskólinn á gott samstarf við sjávarrannsóknasetrið Vör á Ólafsvík sem rannsakar einkum lífríki Breiðafjarðar. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni er meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetun Vestfjarða á Ísafirði og forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands í Bolungarvík hefur tekið þátt í kennslu þar. Þá hefur verið samstarf við Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík um rannsóknir á fjörusvæðum og Hafrannsóknastofnun á Ísafirði um fiskeldi.

Allmikið og gott samstarf er því milli þeirra sem stunda rannsóknir á lífríki sjávar á grunnslóð á Vestfjörðum og Vesturlandi. Þar er eðlilegur og æskilegur vettvangur fyrir slíkt samstarf og að mörgu leyti góð og einstök aðstaða. Þessar rannsóknir koma til viðbótar við rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar á hafinu umhverfis Ísland og styrkja þær. Háskóli Íslands er hlynntur því að slíkt samstarf verði eft og telur að þingsályktunartillagan geti stutt það.

Virðingarfyllt
f.h. Háskóla Íslands

Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur